

Skaftárhreppur
Skipulagsfulltrúi
Klausturvegi 15
880 Kirkjubæjarklaustur

Reykjavík 21. ágúst 2018
UST201806-142/K.S.J.
10.04.02

Efni: Lýsing - Aðalskipulag Skaftárhrepps 2010 – 2022 breyting í landi Hrífunes

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skaftárhrepps er barst 12. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps í landi Hrífuness í Skaftártungu og í landi Efri – Víkur í Landbroti.

Í lýsingu kemur fram að í landi Efri víkur hefur verið þjónusta við ferðamenn. Eigendur Sauðagötu 4 sem er frístundahús í landi Efri-Víkur hafa nýtt frístundahúsið fyrir ferðaðþjónustu og áætla að skilgreina svæðið sem svæði fyrir verslun og þjónustu.

Einnig kemur fram í lýsingu að í Hrífunesi hefur verið starfrækt ferðaðþjónusta og er áætlað að efla hana og stækka svæði fyrir verslun og þjónustu og bjóða þjónustu við Stórutorfu og Mástorfu til útleigu

Þessar áætlanir eigenda að Sauðagötu 4 og að Hrífunesi kalla á breytta landnotkun í aðalskipulagi Skaftárhrepps.


Efri – Vík

Húsið sem breyta á í svæði fyrir verslun og þjónustu er þegar byggt og er innan frístundabyggðar. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að tillagan sé vel kynnt fyrir eigendum nærliggjandi frístundahúsa og einnig er mikilvægt að mati stofnunarinnar að áhrif á frístundabyggðina séu metin í væntanlegri deiliskipulagstillögu. Einnig þarf að gera grein fyrir því hvort auka eigi starfsemi á lóðinni, og hvaða áhrif það muni hafa á útivistar- og náttúruverndargildi svæðis fyrir frístundabyggð. Umhverfisstofnun minnir á fyrri umsögn Umhverfisstofnunarinnar um svæðið dags. 16. ágúst 2016 og þá áherslu á verndargildi Landbrotshóla sem eru jarðminjar er njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Hrífunes

Í lýsingu kemur fram að áætlað er að stækka svæði fyrir verslun og þjónustu að Hrífunesi. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við áætlunina.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur
Björn Stefánsson
Sérfræðingur